

Ed.

399. Nefndarálit

um frv. til laga um stjórn póstmála og símamála.

Frá meiri hl. samgöngumálanefndar.

Nefndin hefir klofnað um málið. Meiri hlutinn (þeir I. P. og P. H.) vill, að frv. nái fram að ganga, en minni hlutinn (H. Steins.) mun leggja til, að það verði felt.

Meiri hluti nefndarinnar hefir nokkuð kynt sjer störf póstmálanefndarinnar og þær breytingar- og umbótatillögur, sem hún ber fram, og þykist mega fullyrða, að af störfum þeirrar nefndar muni leiða verulegar umbætur þá er fram líða stundir.

Einkum þykjumst við hjer sjá í uppsiglingu skipulagsbreytingar til mikilla umbóta á sviði póstmálanna, enda var þess full þörf, því að það er mála sannast, að á síðustu áratugum hefir þar ríkt fullkomin kyrstaða, enda þótt stórstígar framfarir og umbætur hafi samtímis átt sjer stað í öðrum hliðstæðum greinum. Væntum við þess, að tillögur nefndarinnar, svo sem þær eru í aðalatriðum, muni af sjer leiða framþróun og umbætur á póstmálunum, hliðstætt því, sem að undanförmu hefir verið að gerast um símamálin.

Frv. þetta er aðeins lítt hlnti af þeim tillögum, sem póstmálanefndin hefir borið fram.

Það, sem meiri hlntinn telur að sjerstaklega vinnist með frumvarpinn, verði það að lögnm, er: sparnaður fyrir ríkissjóð, bætt kjör og aðstaða nauðsynlegra starfsmanna og hagræði fyrir viðskiftamenn.

Eftir áætlun þeirri, sem póstmálanefndin hefir gert (fskj. II við frumvarpið) um sparnað við sameiningu 44 stærstu póst- og símastöðva í landinu, nemur sparnaðurinn samtals 35500 kr. Þó gerir sú nefnd ekki ráð fyrir, að neitt sparist við 14 af þessum stöðvum — 2 þeirra hækka lítið eitt, en 12 standa í stað. Sparnaðurinn kemur eingöngu fram á 30 stærstu stöðvunum. Á 6 stöðum er gert ráð fyrir, að meira en 2000 kr. sparist, og á 12 stöðum meira en 1000 kr. Þó má telja laun þau, sem ætluð eru hinum væntanlegu starfsmönnum, mjög sæmileg, samanborið við aðra sambærilega embættismenn.

Hinsvegar verður síður fullyrt, hvort aðstoðarvinna er nægilega hátt á ætluð, en sumstaðar litur þó út fyrir, að svo sje fullkomlega. Sparnaðurinn stafar einkum af því, að komist verður af með einn dýran forstjóra, þar sem áður voru tveir, en notuð verður í þess stað ódýrari aðstoðarvinna, sem þó ætti að geta komið að sömu notum.

Þá virðist meiri hluta nefndarinnar augljóst, að kjör starfsmanna eftir till. frv. verði yfirleitt betri en verið hefir. Því betur sem hægt verður að færa saman þau störf, sem þjóðfjelagið þarf að láta vinna, því auðveldara ætti að reynast að launa þau viðunanlega, en af hærri launum leiðir aftur hitt, að starfsmaðurinn er síður neyddur til að sinna allskonar aukavinnu til þess að geta lifað, og getur því gefið sig betur og með óskiftari kröftum við þeim störfum, sem hann hefir tekist á hendur fyrir þjóð sína.

Það er einnig augljóst, að starfræksla síma og pósts á sama stað getur oft leitt af sjer hagræði fyrir viðskiftamennina.

Þá teljum við það til bóta, að póstmálin sjeu lögð undir atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, eins og hefir átt sjer stað um símamálin, og að ráðherra hafi í sinni hendi veitingu meiri háttar starfa póst- og símamálanna. Þarna verður um að ræða stöður svo þýðingarmiklar, að sjálfsagt er, að veiting þeirra heyri undir stjórn landsins. Auk þess leiðir þetta beint af sameiningunni sem algerlega nauðsynlegt atriði.

Þar sem frv. er vel undirbúið og greinargerð þess allglögg, sjáum við ekki þörf á ítarlegri nefndaráliti, en viljum ráða deildinni til að samþykkja það óbreytt.

Alþingi, 23. apríl 1929.

Páll Hermannsson,  
form. og frsm.

Ingvar Pálmason.